



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Flutningur þáttökubekks Brúarskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. maí 2018 var lögð fram eftirfarandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. maí 2018, um húsnæði Brúarsels, þáttökubekkjara Brúarskóla:

Lagt er til að þáttökubekkur Brúarskóla, Brúarsel verði fluttur í lausar kennslustofur sem staðsettar eru á lóð Ingunnarskóla. Bekkurinn verði jafnframt stækkaður í 8 til 9 nemendur.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs. Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga sviðsstjóra, dags. 2. maí 2018



BRÉF

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um húsnæðismál Brúarsels, þáttökubekkjara Brúarskóla*

Lagt er til að þáttökubekkur Brúarskóla, Brúarsel verða fluttur í lausar kennslustofur sem staðsettar eru á lóð Ingunnarskóla. Bekkurinn verði jafnframt stækkaður í 8 til 9 nemendur.

Greinargerð:

Þáttökubekkir Brúarskóla eru tveir í borginni. Í Húsaskóla og í húsnæði sem staðsett er við lóð Seljaskóla. Hvor þáttökubekkur er fyrir 4 til 6 nemendur á miðstigi, sem koma úr þeim hverfum þar sem bekkirnir eru staðsettir, Grafarvogi og Breiðholti. Í upphafi var gert ráð fyrir að allir nemendur skólans á miðstigi myndu stunda nám sitt í þáttökubekk í sínu heimahverfi. Þegar stefna skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum var samþykkt hafði þáttökubekkurinn í Breiðholti, Brúarsel starfað frá 2009. Í stefnunni segir:

„Allir nemendur Brúarskóla á miðstigi, í 4.-7. bekk, stundi nám sitt í þáttökubekkjum í sínum heimahverfum. Stofnaðir verði þrír nýir þáttökubekkir, í Grafarvogi, Grafarholti/Árbæ og vestan Elliðaáa þannig að fyrsti þáttökubekkurinn taki til starfa haustið 2013. Allir bekkirnir hafi tekið til starfa í síðasta lagi haustið 2017.“

Austan Elliðaáa stóð því til að bekkirnir yrðu þrír og þjónuðu nemendum á miðstigi á því svæði. Ekki hefur verið stofnað til þriðja bekkjarins.

Á undanförunum árum hafa skólastjórnendur Brúarskóla ítrekað bent á ýmis mál sem varðar húsnæði, starfsfólk og stærð þáttökubekkjara skólans. Nemendum sem glíma við mjög alvarlegan og fjölpættan hegðunarvanda hefur fjölgað og hefur þróunin orðið sú að þyngstu nemendurnir á miðstigi í þessum hverfum hafa sótt skóla í Vesturhlíð þar sem þáttökubekkirnir ráða ekki við erfiðustu málin. Þáttökubekkirnir séu of litlar einingar, of fáir starfsmenn þar að störfum og lítið megí út af bera til að neyðarástand skapist, sérstaklega þegar um forföll er að ræða hjá starfsfólki. Erfitt hefur því reynst að fá starfsfólk til starfa í þáttökubekkjunum, sérstaklega í Brúarseli.

Í upphafi árs 2015 sendi skólastjóri Brúarskóla erindi til sviðsins varðandi ýmis mál skólans þ.a.m. húsnæðismál skólans. Um Brúarsel kom fram að núverandi húsnæði væri allt of lítið, 60 m². Bæta þyrfti bæði rými nemenda og vinnuáðstöðu starfsmanna og þyrfti a.m.k. 40 m² til viðbótar fyrir aðstöðu starfsfólks. Vorið 2017 sendu stjórnendur frá sér greinargerð um málefni Brúarskóla og kom þar m.a. fram að til að bregðast við þeim vanda sem fylgir smæð þátttökubekkjanna þyrfti að stækka þá í 6 til 9 nemenda bekk. Bekkirnir tækju þá við nemendum af stærra svæði en þeir gera núna, starfsmenn yrðu fleiri sem gefur aukið svigrúm til sveigjanleika og til að bregðast við aðstæðum hverju sinni og efla þannig öryggisþáttinn.

Síðustu skólaár hefur ítrekað þurft að kalla til starfsfólk úr Vesturhlíð vegna uppákoma sem starfsfólk bekkjarins hefur ekki ráðið við. Er það bæði vegna þess hversu lítil einingin er, starfsfólk fátt og vegna þrengsla í rýminu, en ekki eru rými í húsnæðinu til að aðskilja nemendur. Skólastjórnendur hafa því borið upp þá hugmynd að í stað þriggja lítilla þátttökubekkjanna austan Elliðaáa yrðu þeir tveir, tækju við fleiri nemendum af stærra svæði og starfsfólk yrði þar af leiðandi fleira í hvorum bekk.

Húsnæði

Við Ingunnarskóla eru nokkrar lausar kennslustofur á lóð skólans sem eru að litlum hluta nýttar í dag enda hefur skólinn skilað meginhluta þeirra. Byrjað var að vinna að viðgerðum við stofurnar en þeim viðgerðum var slegið á frest þegar Ingunnarskóli skilaði þeim. Skólastjórnendur Brúarskóla hafa skoðað stofurnar og gert grein fyrir þeim framkvæmdum sem þarf að fara í til að þjóna þörfum þátttökubekkjara. Verði ráðist í þær telja stjórnendur húsnæðið kjörið fyrir þátttökubekkin sem nú er staðsettur við Seljaskóla. Einnig gefur húsnæðið svigrúm til þess að fjölga nemendum í bekknum og þar með starfsfólki. Helsti ávinningur við að flytja bekkinn er:

- lausn á húsnæðisvanda þátttökubekkjara
- möguleiki til að fjölga nemendum í bekknum í allt að 8 til 9 nemendur
- fjölgun pláss á miðstigi við skólann í heild um allt að 5 pláss
- tekur við nemendum af stærra svæði austan Elliðaáa
- fleira starfsfólk sem eflir öryggisþáttinn í starfsemi
- fleira starfsfólk sem styrkir faglegan grunn starfseminnar
- aukinn möguleika á að ráða inn hæft starfsfólk með bættri starfsaðstöðu

Þar sem Brúarskóli hefur keypt kennslu í list- og verkgreinum af þeim skólum sem þátttökubekkir tengjast er mikilvægt að niðurstaða fáiast varðandi þessa tillögu sem allra fyrst þar sem skólastjórar eru að skipuleggja ráðningar og kennslu fyrir komandi skólaári.

Kostnaðaráætlun vegna viðhalds og breytinga á stofunum var unnin af starfsmönnum umhverfis- og skipulagssviðs í apríl sl. Kostnaður vegna viðhalds, sem slegið var á frest þegar stofunum var skilað er um 7 milljónir króna og kostnaður vegna breytinga og aðlögunar á stofunum um 9. m. kr.